



# Innra mats skýrsla 2025

**Höfundar skýrslu:**  
**Gæðaráð Hrafnagilsskóla 2024-2025**

Ástrós Guðmundsdóttir  
Auður Aðalsteinsdóttir  
Auður Thorberg Jónasdóttir  
Björk Sigurðardóttir  
Nanna Árný Jónsdóttir  
Óðinn Ásgeirsson  
Ólöf Ása Benediktsdóttir  
Silja Garðarsdóttir



|                                                                  |          |
|------------------------------------------------------------------|----------|
| <b>Inngangur.....</b>                                            | <b>2</b> |
| <b>Starfsáætlun um innra mat.....</b>                            | <b>2</b> |
| <b>Niðurstöður mats.....</b>                                     | <b>3</b> |
| Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófill Hrafnagilsskóla..... | 4        |
| Stjórnun og fagleg forysta.....                                  | 5        |
| Niðurstaða.....                                                  | 5        |
| Nám og kennsla.....                                              | 6        |
| Niðurstaða.....                                                  | 6        |
| Innra mat.....                                                   | 7        |
| Niðurstaða.....                                                  | 7        |
| <b>Umbótaáætlun skólaársins 2025 - 2026.....</b>                 | <b>8</b> |
| Innra mat.....                                                   | 8        |
| Skipulag.....                                                    | 8        |
| Framkvæmd.....                                                   | 9        |
| Umbætur.....                                                     | 9        |
| Nám og kennsla.....                                              | 10       |
| Inntak og námskrá.....                                           | 10       |
| Árangur náms.....                                                | 10       |
| Gæði kennslu.....                                                | 11       |
| Námsvitund.....                                                  | 12       |
| Ábyrgð og þátttaka.....                                          | 12       |
| Stjórnun og fagleg forysta.....                                  | 13       |
| Samvirkni í stefnumótun.....                                     | 13       |
| Faglegt samstarf og samræða.....                                 | 14       |
| Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.....              | 14       |
| Umbætur og innleiðingar breytinga.....                           | 15       |
| Starfsmanna stjórnun og verkaskipting.....                       | 16       |
| Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna.....                     | 17       |

## Inngangur

Markmið gæðaráðs Hrafnagilsskóla er að skólinn bæti stöðu sína kerfisbundið frá ári til árs. Mikilvægast er að matið á því hvort að viðmið og vísbendingar séu til staðar leiði til umbóta.

Á skólaárinu sem er að líða var starfrækt mjög virkt gæðaráð sem tók gæðamálin í sínar hendur og fundaði reglulega í vetur á skipulags og vinnufundum.

Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Við erum spennt að takast á við umbæturnar á næsta skólaári og að vinna að bættum gæðum skólans.

Í gæðaráði skólaárið 2024-2025 sitja: Ástrós Guðmundsdóttir, Auðurún Aðalsteinsdóttir, Auður Thorberg Jónasdóttir, Björk Sigurðardóttir, Nanna Árný Jónsdóttir, Óðinn Ásgeirsson, Ólöf Ása Benediktsdóttir og Silja Garðarsdóttir.

Í Hrafnagilsskóla eru 180 nemendur og við skólann starfa 23 kennarar auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Einnig starfa við skólann iðjupjálfi, sex stuðningsfulltrúar, fimm skólaliðar, starfsmenn í frístund, húsverðir, ritari, bókaforráðgjafi og hjúkrunarfræðingur í 20% stöðu. Að auki starfa sex bílstjórar hjá Sérleyfisbílum Akureyrar og þrír starfsmenn við mótuneytið sem rekið er af Eyjafjarðarsveit. Starfsmenn Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar sjá um baðvörslu í búningsklefum. Samanlagður fjöldi þeirra sem hér starfa bæði barna og fullorðinna er yfir 200 manns og er skólinn fjölmennasti vinnustaður sveitarfélagsins.

## Starfsáætlun um innra mat

Haustið 2024 var gæðaráð stofnað við skólann með aðstoð ráðgjafa frá Ásgarði, Gunnþóri Eyjförð Gunnþórssyni. Samkvæmt ráðleggingum um stofnun gæðaráðs eru fulltrúar foreldra, starfsmanna, kennara og stjórnenda í ráðinu. Gæðaráðið fundaði á mánudögum kl. 14:30-15:45. Unnið var eftir starfsáætlun gæðaráðs og vel gekk að halda fundi, leggja fyrir mat samkvæmt áætlun og bera saman gögn. Starfsáætlun gæðaráðs má skoða hér [Starfsáætlun gæðaráðs - Hrafnagilsskóli 2024-2025](#)

## Niðurstöður mats

Rýnt var í ýmsa þætti skólastarfsins sem snúa að stjórnun og faglegri forystu, námi og kennslu og að lokum að innra mati. Undir hverjum þessara þriggja þátta liggja mörg viðmið og voru þau metin út frá eftirfarandi matsviðmiðum:

- **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi** en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Þeir þættir sem ekki uppfylltu gott eða mjög gott verklag voru skoðaðir sérstaklega og í framhaldinu voru teknir út þættir sem ákveðið var að leggja áherslu á og þeir settir í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Gögn eru af ýmsum toga. Stuðst var við niðurstöður Skólapúlsins, foreldrakannanir á vegum skólans, sjálfsmatsgögn vegna tilraunaverkefnis og mat á kennslu. Matið sjálft fer þannig fram að gæðaráð fór yfir öll gögn, niðurstöður voru ræddar og bornar saman við viðmiðin.



## Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll Hrafnagilsskóla

Heildarniðurstaða er skjáskot af gæðaprófíll við lok skólaársins.

| Stjórnun og fagleg forysta                     | Nám og kennsla     | Innra mat |
|------------------------------------------------|--------------------|-----------|
| Samvirkni í stefnumótun                        | Inntak og námskrá  | Skipulag  |
| Faglegt samstarf og samræða                    | Árangur náms       | Framkvæmd |
| Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu | Gæði kennslu       | Umbætur   |
| Umbætur og innleiðing breytinga                | Skipulag náms      |           |
| Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir           | Námsvitund         |           |
| Starfsmannastjórnun og verkaskipting           | Ábyrgð og þátttaka |           |
| Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks        |                    |           |

## Stjórnun og fagleg forysta

Gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um gæðastjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður kannana og starfsmannasamtala. Einnig var stuðst við starfsáætlun skólans, menntastefnu Eyjafjarðarsveitar, skólanámskrá og fréttabréf Hrafnagilsskóla.

## Niðurstaða

Almennt kemur þessi þáttur vel út, verklag er almennt gott. Lengi má gott bæta og í mörgum tilfellum má skýra verklag eða formgera enn frekar. Skólanámskrá og starfsáætlun skólans var yfirfarin og er birt á heimasíðu skólans. Farið var yfir skólareglur og breytingar gerðar á þeim þar sem símafrí var samþykkt haustið 2024. Stefna skólans var yfirfarin í umræðuhópum meðal starfsmanna, endurskoðuð og úrbætur gerðar í samræmi við endurskoðun. Tengsl við foreldra voru eflað og tilraunaverkefni sem bar heitið Foreldrastefnumót var metið og fest í sessi með ákveðnu verklagi. Stjórnendur hafa markvisst yfirfarið og unnið að nýjum verklagsreglum og áætlunum um ýmis málefni er varða stjórnun.

| Stjórnun og fagleg forysta                     |
|------------------------------------------------|
| Samvirkni í stefnumótun                        |
| Faglegt samstarf og samræða                    |
| Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu |
| Umbætur og innleiðing breytinga                |
| Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir           |
| Starfsmannastjórnun og verkaskipting           |
| Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks        |

### Helstu umbætur næsta árs:

- Leiða innleiðingu hæfnimiðaðs náms með ítarlegum, samræmdum bekkjarnámskrám.
- Skipuleggja starfsþróunaráætlun.
- Efla og formgera samstarf við Foreldrafélag Hrafnagilsskóla.
- Yfirfara og semja starfslýsingar.
- Yfirfara, skrá og kynna réttindi og skyldur starfsfólks.
- Gera fundaaætlun fyrir skólaárið 2025-2026.
- Kynna fyrirhugaðar starfendarannsóknir.

## Nám og kennsla

Gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um nám og kennslu voru námskrár, einstaklingsnámskrár, skráningar í Mentor og niðurstöður kannana. Einnig var stuðst við starfsáætlun skólans, skólanámskrá og aðrar áætlanir um einstök verkefni.

## Niðurstaða

Í þessum þætti er margt sem má bæta en einnig er margt sem er í góðu lagi. Ábyrgð og þáttaka nemenda er almennt mjög góð og verklag mjög gott. Skipulag náms er almennt gott og gæðaráð metur gæði kennslu í góðu lagi. Sá þáttur sem kemur síst út er námsvitund enda sést það í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár þar sem lögð er áhersla á skýrari og markvissari markmiðssetningu nemenda og aukna meðvitund þeirra um námsframvindu sína. Fjölbreytni í matsaðferðum á gæðum kennslu þarf að vera meiri og í umbótaáætlun kemur fram að stjórnendur munu meta ákveðna þætti með innlitum í kennslustundur á næsta skólaári. Framtíðarsýn er að gæðaráð taki þátt í innlitum í kennslustundir.

| Nám og kennsla     |
|--------------------|
| Inntak og námskrá  |
| Árangur náms       |
| Gæði kennslu       |
| Skipulag náms      |
| Námsvitund         |
| Ábyrgð og þátttaka |

### Helstu umbætur næsta árs:

- Kynna bekkjarnámskrár fyrir nemendum og foreldrum.
- Nýta niðurstöður úr fjölbreyttu mati á læsi til að auka framfarir nemenda.
- Ákveðnir þættir í skólastarfinu metnir með innliti í kennslustundir.
- Efla markmiðssetningu nemenda með markvissum hætti.
- Nemendur þjálfaðir í að meta eigið nám og námsframvindu.
- Skrá og birta verklag um hvar og hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð.

## Innra mat

Gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um innra mat voru umbótaráætlun, sjálfsmatsskýrsla og niðurstöður kannana. Einnig var stuðst við starfsáætlun skólans auk matsáætlun ársins og langtímaáætlun gæðaráðs.

## Niðurstaða

Almennt kemur þessi þáttur mjög vel út, flestir undirþættir eru með mjög gott verklag.

|                  |
|------------------|
| <b>Innra mat</b> |
| <b>Skipulag</b>  |
| <b>Framkvæmd</b> |
| <b>Umbætur</b>   |

### Helstu umbætur næsta árs:

- Gæðaráð virkjað og endurnýjað ef þarf.
- Endurskoða starfsáætlun gæðaráðs og tryggja fundartíma.
- Halda því verklagi sem komst á í gæðaráði og yfirfara og vakta umbótaáætlun.
- Áfram unnið með niðurstöður kannana og ýmissa gagna sem fyrir liggja.





## Umbótaáætlun skólaársins 2025 - 2026

Umbótaáætlun nær til þeirra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli og þá er miðað við valda þætti sem ekki ná mjög góðu eða góðu verklagi.. Umbætur geta varað í nokkra mánuði eða lengur. Mikilvægt er að umbótum séu sett viðmið um árangur, ábyrgðaraðila og aðgerðatímabilið sé skilgreint. Umbótaáætlunin skiptist í þrjá þætti það er að segja: Innra mat, nám og kennslu og stjórnun. Hver þessara þriggja þátta inniheldur að lágmarki þrjá undirþætti þar sem áherslupættir eru tilgreindir nánar.

### Innra mat

#### Skipulag

| Tækifæri til umbóta                                                                                                                                                                                                                    | Ábyrgð  | Hefst    | Lokið    | Hvernig metið                                    | Viðmið um árangur |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------|----------|----------|--------------------------------------------------|-------------------|
| Umbóta- og þróunaráætlun í kjölfar innra mats liggur fyrir og eftirfylgni vöktuð.<br><br><i>Umbótaáætlun unnin samkvæmt forsníði frá ráðgjafa Ásgarðs. Unnið út frá gæðaviðmiðum sem gæðaráð vann við að meta skólaárið 2024-2025.</i> | Gæðaráð | Vor 2025 | Vor 2025 | Áætlun tilbúin, kynnt starfsfólki og skólanefnd. | Birt á heimasíðu. |



## Framkvæmd

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Ábyrgð                  | Hefst         | Lokið       | Hvernig metið                                    | Viðmið um árangur                                                                           |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|---------------|-------------|--------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Skólinn nýtir niðurstöður könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.</p> <p><i>Stjórnendur og gæðaráð taka niðurstöður allra kannana sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Sérkennari tekur niðurstöður lesfimiþrófa saman og skólastjóri kynnir þær á skólanefndarfundum.</i></p> | Stjórnendur/<br>gæðaráð | Haust<br>2025 | Vor<br>2026 | Gæðaráð fer yfir niðurstöður og tekur þær saman. | Samantekt kannana birt á heimasíðu og kynnt í skólanefnd, skólaráði og á starfsmannafundum. |

## Umbætur

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                         | Ábyrgð                    | Hefst         | Lokið         | Hvernig metið                                                  | Viðmið um árangur                                                     |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------|---------------|---------------|----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| <p>Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins.</p> <p><i>Umbótaáætlun er byggð á gæðaviðmiðum sem útfyllt voru og metin af gæðaráði. Lagt er upp úr að framsetning sé skýr og í góðu samhengi við stefnu skólans og sveitarfélagsins.</i></p> | Stjórnendur og<br>gæðaráð | Haust<br>2025 | Haust<br>2025 | Innramatsskýrsla yfirfarin og metið hvort markmið hennar nást. | Umbótaáætlun skólans er skýr fyrir starfsfólki skólans og skólanefnd. |



## Nám og kennsla

### Inntak og námskrá

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                    | Ábyrgð                   | Hefst     | Lokið    | Hvernig metið                                                | Viðmið um árangur             |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|-----------|----------|--------------------------------------------------------------|-------------------------------|
| <p>Bekkjarnámskrár eru kynntar með markvissum hætti fyrir nemendum og foreldrum og þeir hvattir til að nýta sér þær.</p> <p><i>Kennarar kynna bekkjarnámskrár á haustfundum, í upplýsingapósti. Stjórnendur kynna bekkjarnámskrár í fréttabréfi og benda á heimasíðu.</i></p> | Stjórnendur og kennarar. | Haut 2025 | Vor 2025 | Að bekkjarnámskrá verði til í öllum námsgreinum og árgöngum. | Sýnilegt á heimasíðu skólans. |

### Árangur náms

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                      | Ábyrgð                     | Hefst     | Lokið    | Hvernig metið                                         | Viðmið um árangur                             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------|-----------|----------|-------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|
| <p>Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.</p> <p><i>Taka saman niðurstöður lesfimi og annarra læsistengdra verkefna og námsmats. Rýna til gagns í stoðteymi, læsisteymi og á stigsfundum.</i></p> | Læsisteymi og stjórnendur. | Haut 2025 | Vor 2026 | Samantekt tekin fyrir í gæðaráði og kynnt skólanefnd. | Áætlanir um umbætur unnar út frá niðurstöðum. |



## Gæði kennslu

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                            | Ábyrgð      | Hefst        | Lokið       | Hvernig metið                               | Viðmið um árangur                                  |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|--------------|-------------|---------------------------------------------|----------------------------------------------------|
| Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.<br><br><i>Stjórnendur fara í innlit í kennslustundir og meta tiltekna þætti. Kennarar fá skriflega/munnlega endurgjöf út frá matslista stjórnenda.</i>                                                                              | Stjórnendur | Haut<br>2025 | Vor<br>2026 | Innlit í kennslustundir hjá öllum kennurum. | Samantekt og kynning á niðurstöðum á kennarafundi. |
| Í námsumhverfi nemenda eru sjónrænar stoðir nýttar til stuðnings við nám, t.d. námsveggir, myndrænt dagskipulag, tölur, stafir, leiðbeiningar.<br><br><i>Stjórnendur fara í innlit í kennslustundir og meta tiltekna þætti. Kennarar fá skriflega/munnlega endurgjöf út frá matslista stjórnenda.</i> | Stjórnendur | Haut<br>2025 | Vor<br>2026 | Innlit í kennslustundir hjá öllum kennurum. | Samantekt og kynning á niðurstöðum á kennarafundi. |



## Námsvitund

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                  | Ábyrgð   | Hefst        | Lokið       | Hvernig metið                                                                     | Viðmið um árangur                                                                                         |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|--------------|-------------|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Nemendur eru virkir þátttakendur í að setja sér markmið í námi.<br><br><i>Kennarar eru leiðandi í því að nemendur setji sér sjálfir markmið í námi. Námsækni í bundnu vali á unglíngastigi. Unnið með markmiðssetningu á öllum stigum.</i>                  | Kennarar | Haut<br>2025 | Vor<br>2026 | Stígstjórar halda utan um vinnuna sem er metin á stígstjórarafundi og í gæðaráði. | Nemendaviðtöl á öllum stigum þar sem nemendur geta rætt markmið sín.                                      |
| Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.<br><br><i>Á mið- og unglíngastigi verður svokölluð bætingavíka þar sem nemendur geta skoðað námsframvindu sína á Mentor og geta valið sér hæfniviðmið í samráði við kennara til að bæta.</i> | Kennarar | Haut<br>2025 | Vor<br>2026 |                                                                                   | Allir nemendur á mið- og unglíngastigi fara sjálfir inn á Mentor, skoða hæfníkortin sín og geta rætt þau. |

## Ábyrgð og þátttaka

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                            | Ábyrgð      | Hefst        | Lokið       | Hvernig metið | Viðmið um árangur             |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|--------------|-------------|---------------|-------------------------------|
| Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.<br><br><i>Stjórnendur taka saman hvar og hvernig raddir nemenda heyrast.</i> | Stjórnendur | Haut<br>2025 | Vor<br>2025 | Gæðaráð.      | Opinbert á heimasíðu skólans. |



## Stjórnun og fagleg forysta

### Samvirkni í stefnumótun

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                     | Ábyrgð           | Hefst    | Lokið    | Hvernig metið           | Viðmið um árangur                           |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|----------|----------|-------------------------|---------------------------------------------|
| <p>Í áætlunum um nám og kennslu er gerð grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans.</p> <p><i>Stjórnendur útbúa forsníð fyrir bekkjarnámskrá þar sem fram koma ákveðnir þættir varðandi nám, kennsluaðferðir, markmið, hæfniviðmið, námsmat, stefnu skólans o.fl.</i></p> | Skólastjórnendur | Vor 2025 | Vor 2026 | Yfirfarnar af gæðaráði. | Bekkjarnámskrár birtar á heimasíðu skólans. |



## Faglegt samstarf og samræða

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Ábyrgð      | Hefst      | Lokið      | Hvernig metið             | Viðmið um árangur                                   |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|------------|------------|---------------------------|-----------------------------------------------------|
| <p>Starfsþróunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna. Innan starfsþróunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.</p> <p><i>Á starfsdögum í haust útbúa stjórnendur áætlun þar sem fram koma þeir áherslupættir sem verða í starfsþróun þetta skólaár. Áætlunin rúmar bæði starfsþróun fyrir alla og valfrjálsa starfsþróun sem mótast eftir einstaklingsbundnum þörfum.</i></p> | Stjórnendur | Haust 2025 | Haust 2025 | Yfirfarin af stjórnendum. | Kynnt í gæðaráði og á kennara- og starfsmannafundi. |

## Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                       | Ábyrgð      | Hefst      | Lokið      | Hvernig metið | Viðmið um árangur                                                                          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|------------|------------|---------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.</p> <p><i>Funda með stjórn foreldrafélagsins á haustönn og móta samstarf næsta skólaárs.</i></p> | Stjórnendur | Haust 2025 | Haust 2025 | Fundargerð.   | Uppfærðar upplýsingar um foreldrafélagið og samstarf þess við skólann á heimasíðu skólans. |



## Umbætur og innleiðingar breytinga

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                 | Ábyrgð      | Hefst      | Lokið      | Hvernig metið             | Viðmið um árangur                                                     |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|------------|------------|---------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| <p>Starfspróunaráætlun er skráð og opinber og tekur mið af umbótaáætlun.</p> <p><i>Á starfsdögum í haust útbúa stjórnendur áætlun þar sem fram koma þeir áherslupættir sem byggja m.a. á umbótaáætlun og birt á heimasíðu skólans.</i></p> | Stjórnendur | Haust 2025 | Haust 2025 | Yfirfarin af stjórnendum. | Kynnt í gæðaráði og á kennara- og starfsmannafundi. Birt á heimasíðu. |





## Starfsmanna stjórnun og verkaskipting

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                               | Ábyrgð       | Hefst        | Lokið        | Hvernig metið                                  | Viðmið um árangur                                          |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|--------------|--------------|------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|
| Starfslýsing stjórnenda og starfsfólks liggja fyrir.<br><i>Yfirfara þær starfslýsingar sem eru til og útbúa nýjar ef þarf.</i>                                                                           | Stjórnendur  | Haut<br>2025 | Haut<br>2026 | Gæðaráð<br>fer yfir<br>starfslýsing<br>ar      | Allar<br>starfslýsingar í<br>handbók<br>starfsfólks        |
| Réttindi og skyldur starfsfólks eru skráðar og kynntar<br>viðkomandi.<br><i>Yfirfara þær upplýsingar um réttindi og skyldur<br/>starfsmanna sem eru til og útbúa nýjar ef þarf.</i>                      | Stjórnendur  | Haut<br>2025 | Vor<br>2026  | Gæðaráð<br>fer yfir<br>starfsmanna<br>handbók. | Réttindi og<br>skyldur skýrar í<br>handbók<br>starfsfólks. |
| Fundaáætlun fyrir skólaárið liggur fyrir sem nær til alls<br>starfsfólks.<br><i>Stjórnendur gera gróft skipulag að þeim fundum og<br/>fræðslu sem fyrirhugaðir eru á fundartímum og<br/>starfsdögum.</i> | Stjórnendur. | Haut<br>2025 | Haut<br>2025 | Fundaráætl<br>un lögð fyrir<br>gæðaráð.        | Fundaráætlun<br>send starfsfólki í<br>tölvupósti.          |



## Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

| Tækifæri til umbóta<br>Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                       | Ábyrgð      | Hefst     | Lokið    | Hvernig metið                                                     | Viðmið um árangur                          |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|-----------|----------|-------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|
| <p>Stjórnendur hvetja kennara til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og til að rannsaka og rýna saman í árangur kennsluaðferða/hátta með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda.</p> <p><i>Kennarar og annað fagfólk gerir áætlun um starfendarannsókn skólaárið 2026-2027.</i></p> | Stjórnendur | Haut 2025 | Vor 2027 | Stjórnendur yfirfara og leiðbeina kennurum varðandi gerð áætlana. | Áætlunum skilað yfirförnum til stjórnenda. |